

Garðabær 25. febrúar 2026

Efni:

Fræðsla fyrir forráðafólk um vinnslu persónuupplýsinga nemenda við innritun í grunnskóla

Til að skrá barn í grunnskóla í Garðabæ þarf sveitarfélagið að fá ákveðnar persónuupplýsingar um barnið og foreldra/forráðafólk. Þetta er nauðsynlegt til að uppfylla lög um grunnskóla (nr. 91/2008) og þá ábyrgð sem sveitarfélagið hefur að skrá og vista gögn sem tengjast skólagöngu barna.

Öryggi persónuupplýsinga

Allt starfsfólk sem vinnur með persónuupplýsingar er bundið þagnarskyldu. Persónuupplýsingarnar eru varðveittar innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) með öruggum tækni- og skipulagslegum lausnum, svo sem aðgangsstýringum. Farið er eftir stöðlum um gagnaöryggi og dulkóðun í flutningi og hvíld (e. transit and rest). Einnig er farið eftir meginreglum um innbyggða og sjálfgfena persónuvernd sem tryggir að aðeins er unnið með nauðsynleg gögn.

Engin ákvörðun er tekin sjálfvirk. Allar umsóknir eru metnar af starfsfólki.

Almennar persónuupplýsingar sem unnið verður með

- Nafn, kennitala (ef við á).
- Kyn og valin persónufornöfn.
- Heimilisfang, póstnúmer og sveitarfélag.
- Símanúmer og netföng foreldra/forráðafólks.
- Skráðir tengiliðir, systkini eða aðrir ættingjar.
- Upplýsingar um námsferil úr fyrri skóla og bekk (ef við á).

Persónuupplýsingar sem geta verið viðkvæmar (bara ef við á)

- Tungumál og þörf fyrir túlkajónustu.
- Ofnæmi.
- Óþol.
- Lyfjagjöf á skólatíma.
- Stuðningsþarfir, sérúrræði eða fylgi samþættingu þjónustu í þágu farsældar.
- Barnaverndarupplýsingar um tímabundna skráningu í fóstur.
- Umsókn um alþjóðlega vernd eða flóttafólk.

Hvaðan koma upplýsingarnar?

- Foreldrar/forráðafólk skrá persónuupplýsingar í umsóknina.
- Grunnupplýsingar eru sóttar úr Þjóðskrá Íslands, mínar síður á island.is og Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS).

Umsóknin fer í gegnum umsóknarvef sem rekinn er af Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS). Garðabær er ábyrgðaraðili og MMS starfar sem vinnsluaðili samkvæmt gildandi vinnslusamningi.

Hversu lengi eru persónuupplýsingarnar geymdar?

Unnið verður með persónuupplýsingarnar og þær varðveittar ótímabundið samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn. Að 30 árum liðnum eru skjöl almennt afhent Þjóðskjalasafni Íslands til varanlegrar varðveislu

Hvert fara upplýsingarnar og hverjir hafa aðgang að þeim?

- Upplýsingarnar eru sendar til þess grunnskóla þar sem barnið á að hefja nám.
- Ef sótt er um skóla utan skólahverfis getur hverfissskólinn einnig fengið nauðsynlegar upplýsingar.
- Gögnin eru skráð í málakerfi sveitarfélagsins (One) þar sem aðgangur fyrir foreldra og nemendur er stofnaður.
- Starfsfólk Garðabæjar sem þarf starfa sinna vegna að hafa aðgang fær hann og eru þá aðgangsstýringar nýttar.

Miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila

Upplýsingum er miðlað til þess grunnskóla sem barnið er innritað í hvort sem það er innan eða utan sveitarfélags lögheimilis barns. Annars er upplýsingum ekki miðlað til annarra nema lög krefjist þess, dómur eða stjórnvaldsákvörðun liggja fyrir. Upplýsingum er aldrei miðlað út fyrir Evrópska efnahagssvæðið (EES).

Réttindi þín

Vegna þess að í þessu tilviki er vinnslan nauðsynleg vegna verkefna sem unnin eru á grundvelli laga í þágu almannahagsmuna og eftir atvikum skjalavistun, þá gilda ekki ákvæði 1. og 2. mgr. 17 gr. Persónuverndarreglugerðarinnar um rétt til eyðingar („rétturinn til að gleymast“).

Ef þú vilt andmæla vinnslunni eða óska eftir að vinnslan verði takmörkuð getur þú sent erindi til sveitarfélagsins með bréfi eða tölvupósti á personuvernd@gardabaer.is. Beiðnir eru afgreiddar í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga.

Á vef Garðabæjar er að finna ítarlegar upplýsingar um hvernig unnið er með persónuvernd hjá sveitarfélaginu: <https://www.gardabaer.is/stjornsysla/stjornsyslan/personuvernd/>